

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2140
komudagur 8.5.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 8. maí 2012,

Efni: Umsögn um mál 727: Þingsályktunartillöga um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Mikilvægum áfanga var ná í vinnu við rammaáætlun um vernd og nýtingu landsvæða er verkefnisstjórn skilaði af sér skýrslu um 2. áfanga rammaáætlunar þann 6. júlí 2011. Þar hafði verkefnisstjórn raðað einstökum virkjanakostum út frá sjónarhóli nýtingar og verndar, án þess þó að draga endanleg mörk á milli nýtingar-, bið- og verndarflokks. Þessi vinna, sem hófst árið 1999, var mikilvægur liður í að auka samfélagslega sátt um vernd og nýtingu auðlinda hér á landi.

Í framhaldinu voru unnin drög að þingsályktunartillögu af hálfu iðnaðar- og umhverfisráðuneytis sem fór í umsagnarferli haustið 2011 og í framhaldi af því ferli var endanleg þingsályktunartillaga unnin og lögð fram á Alþingi.

Það vekur athygli að í þingsályktunartillögunni er í mörgum tilfellum vikið frá þeirri röðun sem fram kom í skýrslu Verkefnisstjórnar frá því í júlí á síðasta ári. Þar virðast fremur pólitísk sjónarmið en fagleg ráða för. Er það miður enda grafa pólitísk inngrip af þessu tagi undan trúverðuleika rammaáætlunar.

Mikilvægt er að um þennan málaflokk náist breið sátt sem unnt sé að vinna út frá næstu árin, bæði hvað varðar verndun og nýtingu. Gert er ráð fyrir að Rammaáætlun verði endurskoðuð með reglubundnum hætti og það er því mikilvægt að unnið sé út frá faglegum sjónarmiðum í hvívetna, óháð pólitísku landslagi hverju sinni.

Samtökin, ásamt fjölda annarra aðila, gerðu athugasemd við þetta verklag þegar drög að þingsályktunartillögu voru lögð fram sl. haust og ítreka þær athugasemdir hér með.

Virðingarfyllst,

F.h. Samáls,

Þorsteinn Víglundsson
Framkvæmdastjóri Samtaka álframleiðenda á Íslandi